

um val á nýju byggingasvæði fyrir Alþingi, ríkisstjórn og aðrar helstu stjórnarstofnanir ríkisins.

Flm.: Ragnar Arnalds, Svava Jakobsdóttir.

Alþingi ályktar að kjósa 7 manna millipinganefnd til að gera um það tillögur í samráði við skipulagsyfirvöld, hvar hagkvæmast sé að velja nýjum byggingum stað fyrir æðstu stjórn landsins, þar sem ljóst er orðið, að á núverandi miðbæjarsvæði í Reykjavík verður ekki í framtíðinni nægilegt landrými fyrir helstu stjórnarstofnanir ríkisins.

Á því svæði, sem valið yrði, skal m. a. gera ráð fyrir byggingum fyrir Alþingi, ríkisstjórn og ráðuneyti, Seðlabanka Íslands og aðrar ríkisstofnanir, eftir því sem þurfa þykir. Þó skal gert ráð fyrir, að ríkisstofnunum, sem ekki eru háðar æðstu stjórn landsins í daglegum störfum sínum, verði í framtíðinni valinn staður í þéttbýliskjörnum úti um land utan höfuðborgarsvæðisins.

Forsætisráðherra kallar nefndina saman til fyrsta fundar, en nefndin kys sér sjálf formann. Nefndin skal hafa lokið störfum, áður en Alþingi kemur saman til fundar í október 1974.

#### Greinargerð.

Tilgangurinn með flutningi þessarar tillögu er, að tekin verði stefnumarkandi ákvörðun um það, hvort helstu stofnunum ríkisvaldsins er ætlaður staður til framhúðar í núverandi miðbæ Reykjavíkur með þeim gagngeru breytingum og skipulagsvandamálum, sem það mundi hafa í för með sér, eða hvort valinn verði nýr og rúmgóður staður fyrir helstu stjórnarstofnanir ríkisins.

Undanfarin ár og þó einkum á s. l. ári hafa orðið miklar umræður um staðarval nokkurra stórbygginga á vegum ríkisins. Fyrirhugað stórhýsi Seðlabanka Íslands á Arnarhóli hefur mest verið í sviðsljósinu undanfarna mánuði, og skammt er einnig að minnast harðra umræðna um byggingu stjórnarráðshúss á Bernhöftstorfu við Lækjargötu. Jafnframt hafa menn velt vöngum yfir aðstöðu Alþingis í framtíðinni, þ. e. hvort reynt yrði með viðbyggingum og öðrum hjargráðum á svæðinu umhverfis Alþingishúsið að skapa þinginu viðunandi starfsaðstöðu eða hvort horfið yrði að því ráði að byggja nýtt alþingishús á öðrum og hentugri stað.

Alþingishús og stjórnarráðshús þurfa að vera á rúmgóðum stað og liggja nærri hvort öðru. Í grennd við Alþingi og stjórnarráð er heppilegt, að ýmsum öðrum stjórnarstofnunum sé valinn staður, t. d. Seðlabanka Íslands og Framkvæmdastofnun ríkisins.

Þegar rætt er um að velja nýtt byggingasvæði fyrir helstu stjórnarstofnanir ríkisins, er eðlilegt að taka til skoðunar sem flesta valkosti, en samkvæmt stjórnarskrá lýðveldisins skal ríkisstjórn Íslands sitja í Reykjavík. Með því að velja stjórnarstofnunum ríkisins nýjan stað á höfuðborgarsvæðinu, t. d. á Fossvogssvæðinu eða á einhverjum stað, sem hugsanlega hentar betur, væri afgerandi skref stigið í þá átt að skapa nýtt miðbæjarsvæði, eins og lengi hefur verið talað um. Gæti þá jafnvel komið til greina fyrir Reykjavíkurborg að byggja ráðhús sitt á þessum sama stað, en það er enn ein stórbyggingin, sem ekki hefur tekist að koma fyrir í miðbæjarkvosinni í Reykjavík, þrátt fyrir ákafan vilja og viðleitni borgaryfirvalda.

Það er löngu orðið ljóst, að nýjar stórbyggingar á borð við alþingishús, stjórnarráð eða Seðlabankahús verða ekki reistar á núverandi miðbæjarsvæði, nema með verulegum náttúruspjöllum eða með því að fórna merkjum byggingum frá liðnum tíma að meira eða minna leyti. Það er því tími til kominn að velja nýjan stað fyrir þessar byggingar, og þá ákvörðun verður Alþingi sjálf að taka í samráði við skipulagsyfirvöld. Að sjálfsögðu mun gamli miðbærinn í Reykjavík halda gildi sínu eftir sem áður sem ein helsta miðstöð verslunar og þjónustu á höfuðborgarsvæðinu.

Mjög er mismunandi með stofnanir ríkisins, hversu sjálfstæðar þær eru og hvort þær þurfa að vera í daglegum tengslum við ríkisstjórn og ráðuneyti. Stofnanir, sem hafa það sjálfstæða starfsemi með höndum, að þær eru ekki háðar því að vera í daglegu sambandi við æðstu stjórn landsins, eiga að vera sem flestar utan höfuðborgarsvæðisins, og er æskilegt, að Alþingi lýsi nú jafnframt yfir vilja sínum í þessu efni.